

Nd.

52. Nefndarátt

um frumvarp til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að nauðsynlegt hafi verið, eftir atvikum, að gefa út bráðabirgðalögin frá 13. desember 1919 um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

Þar sem álita verður, að Landsbankinn hafi verri aðstöðu til þess að fá nauðsynlegt fje flutt landa milli með afnámi innleysanleiks seðla Íslandsbanka, verður að sjálfsgöðu að tryggja honum það með nýjum ákvæðum, að Íslandsbanki yfirfæri nauðsynlegar fjárhæðir fyrir Landsbankann.

Nefndin getur ekki sjeð, að yfirfærsluákvæðið sje að neinu leyti hættulegt fyrir Íslandsbanka. Það er álit nefndarinnar, að Íslandsbanki hafi mikinn meiri hluta útflutningsvöru landsmanna á sinni hendi og fá þar af leiðandi miklar innborganir hjá erlendum viðskiftamönnum. Fjárhagur hans stendur með miklum blóma og hann mun hafa mjög góð viðskiftasambönd erlendis og væntanlega mikið lánstraust.

Kæmi það nú fyrir, að bankinn gæti ekki annast yfirfærslu á fje fyrir Landsbankann, þá álitur nefndin, að ríkisstjórnin skoði það sem skyldu sína að hjálpa bankanum til þess að ná í nauðsynlegt fje erlendis, því vissulega eru hagsmunir bankans nú orðið svo samgrónir viðskiftalífshagsmunum þjóðarinnar, að það er þjóðarnauðsyn, að bankinn komist hjá viðskiftakreppu.

En eins og að framan er á vikið, teljum vjer enga hættu á slíku.

Af greindum ástæðum, svo og því, að stjórn Íslandsbanka hefir tjáð sig fúsa til þess að yfirfæra fje fyrir Landsbankann, eftir því sem stjórn Íslandsbanka sjer sjer mögulegt, leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Íslandsbanki er skyldur til að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nú getur Íslandsbanki ekki yfirfært fje fyrir Landsbankann eins og að framan er tilskilið, og fellur þá óinnleysanleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum.

Alþingi, 21. febr. 1920.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Jón A. Jónsson,
framsögum.

Þorleifur Guðmundsson.

Hákon Kristófersson.